

TIL FORELDRA 0 – 6 ÁRA BARNA

Mikilvægi þess að lesa fyrir börn frá fæðingu

Tengsl þess við lestrarnám

Barnsheilinn þroskast ógnarhratt. Við 3ja ára aldur hefur hann náð 85% stærðar sinnar og við fimm ára aldur 90%.

Lestu upphátt fyrir barnið þitt í 15 mínútur á dag til að „fóðra og næra heilann“, byggja upp orðaforða, málfærni og félagsfærni.

Börn eru snillingar í að hlusta. Við 9 mánaða aldur hafa þau tileiknað sér mikilvægustu hljóðin í móðurmáli sínu, sem er undirstaðan fyrir læsi.

Notaðu daginn með barninu til að lýsa því sem þú ert að gera, syngdu, leiktu við það og **lestu** upphátt fyrir það í a.m.k. 15 mínútur. **Lestur** er upplagður til að kenna ný orð.

Við fæðingu er barnið með 100 billjón taugafrumur. Við þriggja ára aldur eru komnar 1.000 trilljón tengingar milli þeirra, sem hafa orðið til við reynslu og upplifun barnsins.

Barnið hungrar í að læra. Til að næra og fjölga tengingunum á milli heilafrumna er best að **lesa** upphátt fyrir barnið á hverjum degi.

Börn þyrstir í að hafa samskipti við annað fólk. Þau hlusta áður en þau byrja að tala. Milli eins og tveggja ára aldurs hafa þau yfir að ráða a.m.k. 100 orðum í orðaforða sínum.

Talaðu, syngdu og **lestu** upphátt í a.m.k. 15 mínútur á dag fyrir barnið þitt og njóttu þess þegar barnið bætir við orðaforða sinn.

Sótt af <http://readaloud.org/drhutton.html>
Endurunnið af Skólaskrifstofu Austurlands 2016

Undirstaða fyrir nám byrjar við fæðingu. Orðaforði er mikilvægasti þátturinn í velgengni í námi. Allt frá eins árs aldri er mikill munur á orðaforða barna, hann breikkar verulega milli 18 og 24 mánaða aldurs. Ef barnið fær ekki næga örvun breikkar bilið enn meira.

Gefið heila barnsins þá næringu sem hann þarf til að auka orðaforða sinn. Með því að tala við barnið, **lesa**, syngja, leika og **lesa upphátt** og saman á hverjum degi.

Um fjögurra ára aldurinn hefur barn, sem foreldrar tala mikið við heyrt 30 milljón fleiri orð en foreldrar sem tala lítið við börn sín.

Hjálpaðu til við að „brúa bilið“ með því að **lesa** á hverjum degi. **Lestur** kennir ný orð, málfræði og ný hugtök sem ekki eru notuð í talmálinu. Barnabók inniheldur að meðaltali 500 orð, sem barnið safnar í sarpinn, með því að hlusta á lestur.

VISSIR ÞÚ? Að samskipti milli þíns og barnsins er mikilvægur þáttur í máltöku þess. Rannsakendur hafa komist að því börn læra ekki tungumálið fullkomlega, án samskipta við kærleiksríkan aðila.

ÞÚ ert fyrsti og mikilvægasti kennari barnsins þíns. Eigðu stund með barninu þínu, taktu þátt í leik þess og **lestu** upphátt fyrir það. Með því styður þú við máltöku þess og bindur bönd sem endast alla ævi.

Sótt af <http://readaloud.org/drhutton.html>
Endurrunnið af Skólaskrifstofu Austurlands 2016